Nr. 50.
16.
nóvbr.

# Lög
um
## sölu kirkjujarða.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á kirkjujörð sitja, ábýli þeirra, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til kirkjujarða þeirra, sem prestar sitja á, eða að áliti sýslunefndar, þar sem jörðin liggur, eru hentugar til embættissetursa, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á kirkjujörð, eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skamms, eða sýslunefnd hyggur jörðina sjerstaklega fallna til sundurskiptingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sjerstakrar lagaheimildar i hvert skipti.

Ef óskað er kaups á fasteign, sem er í umráðum prests, er embættið hefur fengið, áður en lög þessi koma í gildi, og nýtur launa eptir núgildandi ákvæðum, þá má hann einskis í missa við söluna.

3. gr.

Þegar kirkjujörð er seld, samkvæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kynnu í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rjett til að nota þá, en ábúanda bera fullar bætur, eptir óvilhallra manna mati, fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir.

4. gr.

Nú er fleirbýli á kirkjujörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðinni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

5. gr.

Nú er kirkjujörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov

Nr. 50.
16.
Novbr.

om

## Salg af Kirkejorder.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Islands Minister bemyndiges til at afhænde til Opsidderne paa Kirkejorderne deres Brugsjord med de Begrænsninger og paa den Maade, som fastsættes i denne Lov.

§ 2.

Denne Bemyndigelse strækker sig ikke til de Kirkejorder, som bruges af en Præst, eller som Sysselforstanderskabet, hvor Jorden er beliggende, anser for egnede til at afgive Bopæl for Embedsmænd, Plads for Skoler, Sygehuse eller til anden offentlig Brug.

Findes der allerede et Handelssted, en Flække eller Fabrikdrift paa en Kirkejord, eller anser Sysselforstanderskabet det for sandsynligt, at saadant opkommer der i en nær Fremtid, eller finder det Jorden særlig egnet til Udparcellering i mange Husmandslodder, maa Jorden ikke afhændes uden særlig Lovhjemmel i hvert enkelt Tilfælde.

Naar der ønskes købt en fast Ejendom, som en Præst, der er blevet kaldet til sit Embede inden denne Lov traadte i Kraft og som nyder Lønning efter de hidtil gældende Bestemmelser, har Raadighed over, holdes han skadesløs for Salget.

§ 3.

Afhændes en Kirkejord i Henhold til denne Lov, bør Miner, som findes paa denne eller senere maatte opdages der, altid undtages fra Salget, saa vel som Retten til deres Benyttelse, men der tilkommer Opsidderen fuld Erstatning efter uvillige Mænds Skøn for den Ulempe og Beskadigelse af Jorden, som følger af dens Benyttelse til Minedrift.

§ 4.

Er der flere Opsiddere paa en Kirkejord, maa hele Jorden afhændes til en enkelt af disse, saafremt de øvrige Opsiddere dertil give deres Samtykke.

§ 5.

En Kirken tilhørende Ødejord maa afhændes til den, som overtager Jorden til eget Brug, selv om han ikke bosætter sig paa den.

Nr. 50.
16. nóvbr.

6. gr.

Sá er leita vill kaups á kirkjujörð, semur um það beiðni, stílaða til landsstjórnarinnar, og sendir hana til oddvita sýslunefndar.

Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir því, að geta fengið jörðina keypta eptir lögum þessum, leggur oddviti beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi álit sitt um, hvort hún telji jörðina til þeirra kirkjujarða, sem getur um í 2. gr. 1. og 2. lið. Enn fremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma.

7. gr.

Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr. 1. og 2. lið, og dómkveður þá sýslumaður tvo óvilhalla menn, til þess að gjöra lýsingu á jörðinni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og til þess að meta jörðina til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4 % í ársvöxtu veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um síðastliðin 10 ár, ef leigumáli, að dómi matsmanna, hefur verið hæfilegur og honum hefur á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskipti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt, eptir leigumála jarða í því byggðarlagi. Jarðabótakvöð skulu matsmenn reikna til dagsverka, eins og tíðkast hefur við styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfjelaga, og telst hvert dagsverk jafngilda 1 kr. 25 aur. í öðru eptirgjaldi.

Nú hefur sýslunefnd látið í ljósi það álit, samkvæmt 6. gr., að undan sölu kirkjujarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra.

8. gr.

Nú hefur ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks frá umráðamanni jarðar, gjört jarðabætur eða jarðarhúsabætur á kirkjujörð um fram það, er byggingarbrjef áskildi, og skulu þá matsmenn meta jörðina, eins og engar slíkar bætur hefðu verið gjörðar, þegar ábúandi sá, er þær gjörði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur.

9. gr.

Jafnframt því, er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 7. gr., skal hann útvega frá umráðamanni jarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðinni, sem matsmenn þurfa, samkvæmt 7. og 8. gr., við mat sitt og lýsing á jörðinni; lætur sýslumaður skýrslur þessar fylgja útnefningarbrjefum til matsmanna. Umráðamanni jarðar er skylt, að láta skýrslur þessar í tje innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur.

10. gr.

Lýsingu og matsgjörð sína á jörðu senda matsmenn, ásamt öllum tilheyrandi skjölum, til sýslumanns, er síðan lætur matsmennina staðfesta gjörðina fyrir rjetti, að til kvöddum kaupbeiðanda og umráðamanni jarðarinnar.

§ 6.

Den som ønsker at erhverve en Kirkejord, har derom at indsende et til Regeringen stilet Andragende til Sysselforstanderskabets Formand.

Saafremt Andrageren opfylder Betingelserne for at faa Jorden købt i Henhold til denne Lov, forelægger Formanden hans Andragende for Sysselforstanderskabet paa dets næste Møde, som derefter afgiver Erklæring om, hvorvidt det henregner Jorden til de i § 2, 1. og 2. Stykke ommeldte Kirkejorder. Endvidere afgiver Sysselforstanderskabet Erklæring om, hvorvidt der foruden Miner fra Salget bør undtages Skov, Vandfald eller andre Jordherligheder.

§ 7.

Finder Sysselforstanderskabet, at Jorden ikke falder ind under Bestemmelserne i § 2, skal Sysselmanden for Retten udmelde to uvillige Mænd til at affatte en Beskrivelse af Jorden med alt hvad den følger og følge bør, og ansætte den til Penges Værdi. Vurderingssummen skal sædvanlig bestemmes saaledes, at den med en aarlig Rente af 4 % giver et Rentebeløb, som er lige med hvad Jordafgifterne og de betingede Jordforbedringer ansatte i Penge gennemsnitlig udgøre i sidstafvigte 10 Aar, saafremt Lejevilkaarene efter Skønsmændenes Formening have været passende, og de ikke i det Tidsrum ere blevne forandrede ved Opsidderskifte; i modsat Fald rette Skønsmændene sig efter det Afgiftsbeløb, som de anse for passende i Forhold til Jorders Bygselsvilkaar i den paagældende Egn. Skønsmændene skulle ansætte de betingede Jordafgifter i Dagsværk efter de Regler, som hidtil er fulgte ved Understøttelser fra Landskassen til Landbrugsselskaber, saaledes at et Dagsværk regnes lige med 1 Kr. 25 Øre i anden Afgift.

Har Sysselforstanderskabet i Henhold til § 6 afgivet den Erklæring, at Skov, Vandfald eller andet burde undtages ved Salget af Kirkejorden, skal denne vurderes med og uden disse Herligheder.

§ 8.

Har Lejlændingen i de sidste 10 Aar før Skønsforretningen uden nogen Understøttelse fra den, som havde Raadighed over Jorden, foretaget Jordforbedringer eller Forbedringer paa Bygningerne paa en Kirkejord, udover hvad der er betinget i Bygselsbrevet, bør Skønsmændene, naar den Opsidder, som udførte Forbedringerne, hans Enke eller Efterkommere ere Købere, vurdere Jorden som om de paagældende Forbedringer af Jorden eller Bygningerne ikke havde fundet Sted.

§ 9.

Samtidig med at Sysselmanden udmelder Skønsmænd i Henhold til § 7, skal han tilvejebringe de Oplysninger fra den, som har Raadighed over Jorden, som Skønsmændene ifølge §§ 7 og 8 have Brug for ved Udførelsen af deres Skøn og ved Beskrivelsen af Jorden, og lade disse Oplysninger medfølge Udmeldelsesbrevene til Skønsmændene. Den, som har Raadighad over Jorden, er pligtig at give disse Oplysninger inden en passende af Sysselmanden fastsat Frist.

§ 10.

Skønsmændene sende Beskrivelsen af og Skønsforretningen over Jorden med alle tilhørende Dokumenter til Sysselmanden, som derefter lader Skønsmændene bekræfte Forretningen i et Retsmøde, hvortil Andrageren og den, som har Raadighed over Jorden, indvarsles.

Nr. 50. 16. nóvbr. Beiðnina um kaupin, lýsingar og matsgjörðina, ásamt öllum öðrum málsskjölum, sendir sýslumaður að því búnu umráðamanni jarðarinnar, en hann afgreiðir málið áleiðis til landsstjórnarinnar, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt, sem því verður við komið.

11. gr.

Nú vill eigandi jarðar, sem kirkjujörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við umráðamann kirkjujarðar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsins á sama hátt og um kirkjujarðir eptir 6.—10. gr.

12. gr.

Landsstjórnin getur, þyki henni sjerstakar átsæður til, skipað fyrir um yfirmat á jörðum þeim og ítökum, sem til kaups eru föluð. Yfirmatsmenn skulu vera þrír og fer um kvaðning þeirra, sem segir í 7. gr.

Nú vill stjórnin ekki hlýta yfirmati og þarf þá sjerstakrar lagaheimildar til þess, að jörðin sje seld.

Borgun fyrir útnefningu matsmanna, matsgjörðina og staðfesting hennar, greiðir kaupbeiðandi sjálfur.

13. gr.

Nú kaupir ábúandi kirkjujörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minnsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gjörð. En um eptirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og greiðir þær síðan ásamt 4 % í ársvöxtu með jöfnum árgreiðslum á eigi lengri tíma en 28 árum.

Kaupandi skal með hverri afborgun senda vottorð hlutaðeigandi hreppsstjóra um, að jörðin sje í sjálfsábúð.

Nú gengur jörð, sem seld hefur verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eptirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

14. gr.

Nú er kirkjujörð eða ítak selt eptir lögum þessum, og ákveður ráðherrann söluverðið, sem þó aldrei má vera minna en verð það, sem metið hefur verið samkvæmt 7.—12. gr., og gefur út afsalsbrjef fyrir hinu selda. Öll skjöl, er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta alþingi til athugunar.

Um selda kirkjujörð fer, að því er skatt og gjaldheimtu snertir, sem um bændajörð.

15. gr

Andvirði seldra kirkjujarða og ítaka skal leggja í sjerstakan sjóð, er nefnist kirkjujarðasjóður, og stendur beint undir landsstjórninni. Í þennan sjóð skal enn fremur leggja peningaeign prestakalla.

16. gr.

Eign kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem óskerðanlegan höfuðstól, og skal árlega leggja við innstæðuna 5 % af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir í prestlaunasjóð, til að launa sóknarpresta þjóðkirkjunnar.

Andragendet om Købet, Beskrivelsen og Skønsforretningen med alle andre Sagen vedrørende Dokumenter sender Sysselmanden derefter til den, som har Raadighed over Jorden, som snarest mulig ekspederer Sagen til Regeringen med sin Erklæring.

§ 11.

Ønsker Ejeren af en Jord, hvori en Kirkejord har en Servitut, at købe Servituten, kan den sælges ham, saafremt der opnaas Enighed med den, som har Raadighed over Jorden, og andre Omstændigheder ikke ere til Hinder herfor. Med Andragendet, Skønsforretningen og Sagens Ekspedition forholdes paa samme Maade, som med Hensyn til Kirkejorder efter §§ 6—10.

§ 12.

Naar Regeringen finder særlig Anledning dertil, kan den foreskrive et Overskøn over de Jorder og Servituter, som ønskes købte. Overskønsmændene skulle være 3. Med deres Udmeldelse forholdes som i § 7 anført.

Naar Regeringen ikke vil godkende Overskønnet, kan Jorden kun sælges i Kraft af en særlig Lov.

Betalingen for Skønsmændenes Udmeldelse, Skønsforretningen og dens Bekræftelse, erlægges af den, som ønsker Købet.

§ 13.

Køber Opsidderen en Kirkejord i Henhold til denne Lov, skal han ved Salgets Fuldbyrdelse udbetale i det mindste en Tiendedel af Købesummen. Med Restbeløbet forholdes saaledes, at Opsidderen udsteder en Forskrivning for samme med 1ste Prioritets Panteret i Jorden, som, med 4 $^0/_0$ aarlig Rente, afbetales med lige store aarlige Afdrag i Løbet af højst 28 Aar.

Køberen skal med hvert Afdrag indsende en af vedkommende Repstyrer udstedt Erklæring om, at Jorden er i Ejerens Brug.

Gaar en Jord, som er afhændet til Opsidderen i Henhold til denne Lov, ud af Ejerens Brug, forinden Købesummen er fuldt betalt, saa er den ikke afbetalte Del af Købesummen straks forfalden.

§ 14.

Afhændes en Kirkejord eller Servitut i Henhold til denne Lov, bestemmer Ministeren Købesummen, som dog aldrig maa være mindre end den ifølge §§ 7—12 ansatte Vurderingssum, og udsteder Skøde paa det solgte. Alle Salget vedrørende Aktstykker forelægges det følgende Alting til Efterretning.

Med en solgt Kirkejord forholdes forsaavidt Skatter og Afgifter angaar, som med en privat Jord.

§ 15.

Købesummerne for solgte Kirkejorder og Servituter indbetales i en særlig Fond, som benævnes Kirkegodsfonden, og administreres umiddelbart af Regeringen. Præstekaldenes Kapitaler indbetales ligeledes i denne Fond.

§ 16

Kirkegodsfonden forrentes som en uangribelig Kapital, saaledes at 5 $^0/_0$ aarlig af Aarsindtægterne lægges til Kapitalen, medens Renterne iøvrigt indbetales i en Præstelønningsfond og anvendes til at lønne Folkekirkens Sognepræster.

Nr. 50.
16.
nóvbr.

17. gr.

Höfuðstól kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem tryggilegast.

Skal það gjört annaðhvort með því, að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildar Landsbanka Íslands eða önnur jafntrygg verðbrjef, eða þá með útlánum eptir sömu reglum og gilda um lán af ómyndugra fje.

Sjeu verðbrjef keypt handa sjóðnum eða veðskuldabrjef tekin fyrir útlánum, skal geta þess á brjefunum, að þau tilheyri kirkjujarðasjóðnum og að eigi megi afhenda þau án leyfis landsstórnarinnar.

18. gr.

Landsstjórnin semur í byrjun hvers almanaksárs reikning sjóðsins fyrir hið umliðna ár. Reikninginn skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðindanna og síðan leggja fyrir hvert reglulegt alþingi til athugunar reikninga tveggja síðastliðinna ára með fylgiskjölum.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 16. nóvember 1907.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

§ 17.

Kirkegodsfondens Grundkapital forrentes paa den mest betryggende Maade. Den kan anvendes til Indkøb af Islands Landsbanks Hypotekafdelings Obligationer eller andre ligesaa betryggende Værdipapirer, eller til Udlaan efter de samme Regler, som gælde om Udlaan af Umyndiges Midler.

Indkøbes Værdipapirer for Fonden eller modtages Panteobligationer for Udlaan, skal der gives disse Papirer Paategning om, at de tilhøre Kirkegodsfonden og at de ikke maa afhændes uden Regeringens Samtykke.

§ 18.

Regeringen affatter ved hvert Kalenderaars Begyndelse Fondens Regnskab for det forløbne Aar. Regnskabet bekendtgøres i Regeringstidenden Afdeling B, og derefter forelægges for hvert ordentligt Alting til Efterretning de to sidstforløbne Aars Regnskaber med Bilag.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 16. November 1907.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*